

Alþingi
Erindi nr. P 141/552
komudagur 15.11.2012



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.11.2012

Efni: Umsögn OR um 3. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur þann 31. október 2012 borist erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um 3. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 Verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar).

Orkuveita Reykjavíkur vísar til fyrri umsagnar fyrirtækisins um tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun frá 8. maí sl. og umsagnar um drög að þingsályktunartillögu um áætlun um verndun og orkunýtingu landsvæða og umhverfismat verndar- og orkunýtingaráætlunar, dags. 10. nóvember 2011, þar sem lýst er áhyggjum fyrirtækisins af því að vikið hafi verið frá tillögum verkefnisstjórnar rammaáætlunar við röðun orkukosta, án þess að fyrir því séu fræðileg rök. Þá hefur fyrirtækið lýst áhyggjum af því að erfiðleikum sé háð að færa orkukosti úr biðflokki í nýtingarflokk, þar sem skv. lögum nr. 48/2011 er ekki heimilt að veita leyfi (þ.m.t. rannsóknarleyfi) tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Ákvæði frumvarps þess sem hér er til umfjöllunar miða að því að bæta úr framangreindu.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir, hdl.